

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi.

1. gr.

Hvar sem orðið „Umferðarstofa“, í hvaða beygingarfalli sem er, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

2. gr.

6. gr. breytist þannig:

a. 3. mgr. skal orðast svo:

Hættulegan farm má ekki flytja þegar það er bannað samkvæmt viðaukum A og B við ADR-samninginn, eins og þeir eru hverju sinni, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í reglugerð þessari.

b. Ný 4. mgr. kemur inn og skal hún orðast svo:

Hættulegan farm má flytja þegar skilyrði viðauka A og B við ADR-samninginn eru uppfyllt. Yfirlit um skilyrðin má finna í töflu A.

c. Núgildandi 4. mgr. verður 5. mgr.

3. gr.

8. gr. breytist þannig:

a. Í stað núgildandi 5. töluliðar A-liðar kemur nýr 5. töluliður og skal hann orðast svo:

Jarðgangakóði.

b. Núgildandi 5.-9. töluliður A-liðar verður 6.-10. töluliður A-liðar.

4. gr.

36. gr. fellur brott.

5. gr.

38. gr. breytist þannig að á eftir c-lið 2. mgr. bætist nýr liður sem orðast svo:

d. Tilskipun nr. 2012/45/ESB frá 3. desember 2012 um aðra aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (töluliður 13. c.), sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 27. júní 2013 á bls. 158.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða breytist þannig:

a. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða breytist þannig að í stað orðanna „sem skráð var fyrir 31. desember 1998“ komi: sem framleitt var fyrir 31. desember 1996.

b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þau ökutæki sem Samgöngustofa (áður Umferðarstofa) hefur, við gildistöku reglugerðar þessarar, þegar undanþegið tilteknum ákvæðum ADR-reglna skulu halda gildi sínu til 31. desember 2014, að því gefnu að skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt á gildistímanum.

7. gr.

Núverandi XVI. viðauki fellur brott og stað hans kemur nýr XVI. viðauki, sbr. viðauka reglugerðar þessarar.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, öðlast þegar gildi.

Innanrikisráðuneytinu, 21. október 2013.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

**XVI. VIÐAUKI
Flutningaslysablað.**

Viðbrögð við óhappi, slysi eða í neyðartilviki.

Ef óhapp eða slys verður við flutning á hættulegum farmi eða í neyðartilviki, skal áhöfn ökutækis grípa til eftirfarandi ráðstafana ef þær eiga við og hægt er að framkvæma þær á öruggan hátt:

Setja handhemil á, stöðva vélina, rjúfa straum frá rafgeymi með hjálp höfuðrofa ef hann er til staðar.

Forðast íkveikjuvalda, alls ekki reykja eða kveikja á rafbúnaði.

Hafa samband við neyðarþjónustu, sími 112, veita eins miklar upplýsingar og kostur er um óhappið eða slysið og efnin sem hlut eiga að máli.

Klæðast endurskinsvestinu og setja upp viðvörðunarskiltin þar sem við á.

Hafa flutningsskjölin tiltæk fyrir björgunaraðila.

Ganga ekki í, á eða snerta efni sem farið hafa niður og forðast innöndun á úða, reyk og gufu með því að standa hlémegin.



Nota slökkvibúnaðinn, ef þörf krefur og ef það er án áhættu, til að slökkva lítinn eld eða byrjunareld í dekkjum, hemlum eða vélarhluta.








Áhafnar meðlimir skulu ekki reyna að slökkva eld í farmi.








Nota fylgibúnað, ef þörf krefur og ef það er án áhættu, til að koma í veg fyrir leka út í læki, ár og vötn eða niðurföll og til að safna upp efnunum sem farið hafa til spillis.




Yfirgefa óhappa-, slysa- eða neyðarstaðinn, ráðleggja öðrum að gera slíkt hið sama og fara eftir ráðleggingum björgunaraðila.

Fjarlægja allan klæðnað og hlífðarbúnað, sem hefur óhreinkast af efnunum, og losa sig við hann eða koma honum fyrir á öruggan hátt.

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
Sprengifim efni og hlutir  1 1.5 1.6	Geta haft margs konar eiginleika og verkun eins og heildarsprengingu, hættu á að brot kastist út frá slyssað, mikla eld-/hitageislun, skært ljós, mikinn hávaða eða reyk. Viðkvæm fyrir höggum og/eða þrýstingi.	Farið í skjól fjarri gluggum.
Sprengifim efni og hlutir  1.4	Væg hætta á sprengingu og eldi.	Farið í skjól.

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
<p>Eldfimar lofttegundir</p>  <p>2.1</p>	<p>Eldhætta. Sprengihætta. Getur verið undir þrýstingi. Hætta á köfnun. Getur valdið brunasárum og/eða kalsárum. Innihald getur sprungið við upphitun.</p>	<p>Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði.</p>
<p>Óeldfimar, ekki eitradar lofttegundir</p>  <p>2.2</p>	<p>Hætta á köfnun. Getur verið undir þrýstingi. Getur valdið kalsárum. Innihald getur sprungið við upphitun.</p>	<p>Farið í skjól, Forðist lægra staðsett rými eða svæði.</p>
<p>Eitradar lofttegundir</p>  <p>2.3</p>	<p>Hætta á eitrun. Getur verið undir þrýstingi. Getur valdið bruna- eða kalsárum. Innihald getur sprungið við upphitun.</p>	<p>Notið neyðaröndunargrímu. Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði.</p>
<p>Eldfimir vökvar</p>  <p>3</p>	<p>Eldhætta. Sprengihætta. Innihald getur sprungið við upphitun.</p>	<p>Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði.</p>
<p>Eldfim föst efni, sjálfhvarfandi efni og sprengifim efni sem gerð hafa verið hlutlaus</p>  <p>4.1</p>	<p>Eldhætta. Eldfimt eða brennanlegt efni; getur kviknað í vegna hita, neista eða elds. Geta innihaldið sjálfhvarfandi efni sem eru líkleg til að sundrast með mikilli hitamyndun ef þau verða fyrir hita, snertingu við önnur efni (eins og sýrur, þungmálmasambönd eða amín), núningi eða höggi. Þetta getur leitt til myndunar hættulegra og eldfimra lofttegunda og gufu eða sjálfteyndrunar. Hætta á að sprengifim efni sem gerð hafa verið hlutlaus springi hafi hlutleysi efnis horfið.</p>	
<p>Sjálfteyndrandi efni</p>  <p>4.2</p>	<p>Hætta á eldi vegna sjálfteyndrunar ef umbúðir eru skemmdar eða efni hafa farið til spillis. Getur hvarfast kröftuglega við vatn.</p>	
<p>Efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn</p>  <p>4.3</p>	<p>Eld- og sprengihætta við snertingu við vatn.</p>	<p>Haldið efnunum, sem farið hafa til spillis, þurrum með yfirbreiðslu.</p>

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
Eldnærandi efni (Oxandi efni)  5.1	Hætta á kröftugu efnahvarfi, íkviknun og sprengingu við snertingu við brennanleg eða eldfim efni.	Forðist íblöndun við eldfim eða brennanleg efni (t.d. sag).
Lífræn peroxíð  5.2	Hætta á sundrun með mikilli hitamyndun, ef efnin ná að hitna, við snertingu við önnur efni (eins og sýrur, þungmálmsambönd eða amín), núning eða högg. Þetta getur leitt til myndunar hættulegra og eldfimra lofttegunda og gufu eða sjálftröndun.	Forðist íblöndun við eldfim eða brennanleg efni (t.d. sag).
Eitruð efni  6.1	Hætta á eitrun við innöndun, húðsnertingu eða neyslu. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll.	Notið neyðaröndunargrímu.
Smítefni  6.2	Smithætta. Getur valdið alvarlegum sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll.	
Geislavirk efni  7A 7B 7C 7D	Hætta við inntöku, innöndun og vegna umhverfisgeislunar.	Takmarkið viðverutímamann í geislun.
Kjarnakleyf efni  7E	Hætta á kjarnorkukeðjuhvarfi.	
Ætandi efni  8	Hætta á ætisárum. Gætu hvarfast kröftuglega við efni með eins varúðarmerki, við vatn og önnur efni. Efni sem farið hafa til spillis geta gefið frá sér ætandi gufu. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll.	

Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við ráðandi aðstæðum.		
Varúðarmerki	Hættur	Viðbrögð
(1)	(2)	(3)
Önnur hættuleg efni og hlutir  9	Hætta á brunasárum. Eldhætta. Sprengihætta. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll.	
 Hættulegt umhverfinu	Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll.	
 Upphitað efni	Hætta á brunasárum.	Forðist snertingu við heita hluta flutningsbúnaðar og efnis sem farið hefur til spillis.

Ath. Fyrir varning með margs konar áhættu og fyrir farm með varning með mismunandi áhættu skal skoða alla áhættuþætti.

Ath. Leiðbeiningarnar um viðbrögð hér að ofan má nota til að endurspegla flokka hins hættulega farms sem flytja á og flutningsaðferðina.

Búnaður sem vera á til staðar í ökutækjum til varnar einstaklingum og almennt til varnar við almennar aðgerðir og vegna neyðarviðbragða.

Eftirfarandi búnaður skal vera í ökutæki sama hvaða varúðarmerki eru á umbúðum:

1. A.m.k. einn stoppklossi fyrir hvert ökutæki. Stærð stoppklossa skal miða við þunga ökutækis og stærð (þvermál) hjólbarða.
2. Tvö frístandandi viðvörðunarkerki.
3. Augnskolvökvi (þarf ekki fyrir varning með varúðarmerki nr. 1, 1.4, 1.5, 1.6, 2.1, 2.2 og 2.3).

Fyrir sérhvern áhafnarmedlim:

1. Heppilegt endurskinsvesti eða endurskinsklæðnaður (t.d. eins og lýst er í Evrópustaðli EN 471).
2. Vasaljós.
3. Hlífðarhanskar.
4. Augnhlífðarbúnaður (t.d. öryggisglæraugu).

Þar að auki skal vera til staðar eftirfarandi búnaður fyrir vissa hættuflokka:

- 1) Öndunargríma (t.d. öndunargríma með samsettri gas-/ryksíu af gerðinni A1B1E1K1-P1 eða A2B2E2K2-P2, sem eru svipaðar og lýst er í Evrópustaðli EN 141), fyrir ökumann og eftir atvikum aðstoðarmann hans þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 2.3 eða 6.1.
- 2) Skófla (aðeins krafist fyrir efni í föstu formi og vökva með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
- 3) Þéttibúnaður fyrir niðurföll (aðeins krafist fyrir efni í föstu formi og vökva með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
- 4) Uppsöfnunarlát úr plasti (aðeins krafist fyrir efni í föstu formi og vökva með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).